

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Efri-Brú í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 24. ágúst 2005 deiliskipulag í landi Efri-Brúar í Grímsnesi.

Efri Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Brúar. Skipulagssvæðið sem er 65 ha að stærð liggur að landi Kaldárhöfða í norðri og að Úlfjótsvatni í vestri.

Gert er ráð fyrir 33 frístundalóðum og eru 14 vestan vegarins. Stærðir lóða eru frá 7000 m² að 20.000 m² (2 ha). Gert er ráð fyrir sameiginlegu bátaskýli fyrir byggðina með aðgengi að vatni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. nóvember 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005